

AÐALFUNDUR SAMBANDS ÍSLENSKRA PRÓFUNARSTOFA **5. júní 2012**

Árskýrsla stjórnar, starfsárið 2011 - 2012

Ágætu félagar!

Á starfsárinu 2011 til 2012 hefur verið lögð áhersla á upplýsinga og fræðslustarf, en einnig hefur stjórnin viðhaldið heimasíðu fyrir SÍP. Aðilar að SÍP eru nú 13.

Starfsemin á árinu.

Eitt af markmiðum Sambands íslenskra prófunarstofa er að halda kynningar og fræðslufundi fyrir félagsmenn. Árlegur fræðslufundi félagsins var haldinn 15. febrúar of fjallaði að þessu sinni um prófunarstarfsemi hjá álverinu í Straumsvík. Alcan leggur mikinn metnað í að framleiða sérhæft hágæðaál og stýringu á gæðum í samræmi við óskir viðskiptavina.

Góð þátttaka var á fundinum eða um 20 manns. Fræðst var um prófunaraðstöðu, gæðastjórnun og prófun á framleiðsluvörum fyrirtækisins.

Heimasíða félagsins hefur verið mikilvægur þáttur í að miðla upplýsingum til félagsmanna. Slóð á síðu félagsins er <http://icelab.123.is/>

Aðalfundur EUROLAB var haldinn í apríl sl. og sendi SÍP fulltrúa á fundinn. Helstu niðurstöður fundarins eru kynntar á aðalfundi SÍP.

Fjármál

Vísað er í yfirlit gjaldkera varðandi fjármál félagsins

Stjórn og stjórnarfundir

Þrjú stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu þar sem áhersla var lögð á að skipuleggja fræðslu og kynningar auk þess að vinna að heimasíðu félagsins. Félagsmenn eru hvattir til að bjóða sig fram til setu í stjórn félagsins og stuðla þannig að framgangi félagsins.

Á starfsárinu var stjórnin skipuð á eftirfarandi hátt:

Aðalsteinn Arnbjörnsson Nýsköpunarmiðstöð Íslands, - formaður

Heiða Pálmadóttir Matís ohf, - ritari

Elísabet Sólbergadóttir Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði, - gjaldkeri

Þorbjörg Hólmgeirsdóttir, Mannvit hf

Stefán Björnsson, Össur h.f.

Reykjavík 04.06. 2012

Aðalsteinn Arnbjörnsson